



Bt. Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis  
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík 12. maí 2023  
Tilvísun: 2303030/0.7.6

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vaktstöð siglinga, 975 mál.

Vísað er til erindis nefnda- og greiningarsviðs Alþingis til Landhelgisgæslu Íslands, dags. 27. apríl 2023, þar sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi stofnuninni til umsagnar frumvarp til laga um vaktstöð siglinga (skipulag o.fl.), 975 mál.

Umrætt frumvarp til laga um breytingu á lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003, var birt á Samráðsgátt þann 2. mars 2023 (mál nr. 52/2023) og vísar Landhelgisgæslan til fyrri umsagnar sinnar við frumvarpið sem send var inn á Samráðsgátt þann 15. mars 2023.

Á 152. löggjafarþingi var lagt fram skylt frumvarp um breytingu á lögum um vaktstöð siglinga, er náði ekki fram að ganga. Landhelgisgæslan vísar einnig til fram kominna umsagna við það.

#### Almennar athugasemdir um frumvarpið

Með vísan til fyrri umsagna og þeirra röksemda sem þar koma fram áréttar Landhelgisgæslan mikilvægi þess að hlutverk vaktstöðvar siglinga sé formlega fært til Landhelgisgæslunnar. Landhelgisgæslan áréttar einnig að það sé óheppilegt að Vegagerðinni sé falin stjórnvaldssektarheimild og að Landhelgisgæslu Íslands, sem sér um stjórn allra verkefna vaktstöðvar siglinga, sé gert að sækja stoð fyrir töku íþyngjandi stjórnvaldsákvæðana í umboð frá annarri stofnun á grundvelli þjónustusamnings. Slík framkvæmd er til þess fallin að skapa réttaróvissu og verður að teljast afar óvenjulegt að beiting íþyngjandi stjórnvaldsákvæðana, líkt og stjórnvaldssekta, grundvallist á samning. Núgildandi samningur um rekstur vaktstöðvar siglinga var ekki saminn með slíkt í huga og verður að teljast varhugavert að byggja slíkt valdframsal á slíkum samning. Ljóst er að núgildandi samningur um rekstur vaktstöðvarinnar stendur ekki undir slíku valdframsali. Landhelgisgæslan sér um framkvæmd verkefna vaktstöðvar siglinga og eftirfylgni með lögum um vaktstöð siglinga, ef til þess kemur að stjórnvaldssektir verði lagðar á hvort heldur sem einstakling eða lögaðila, er ljóst að það verður Landhelgisgæslan sem beitir þessu úrræði í framkvæmd fh. vaktstöðvar siglinga.

Eðlilegast væri að Landhelgisgæslunni, sé formlega falin ábyrgð á rekstri vaktstöðvar siglinga skv. lögum og þeim valdheimildum sem vaktstöð siglinga eru ætlaðar, beint og milliliðalaust. Landhelgisgæslan telur rétt að áréttar að með því er ekki verið að leggja til að breyting verði gerð á því fyrirkomulagi að þau verkefni sem Neyðarlínan sinnir núna varðandi rekstur fjarskiptakerfa og tækjabúnaðar breytist, heldur að valdboð þeirra stofnana sem sinni þeim verkefnum sem lögum kveða á um séu skýr.

Í greinargerð með frumvarpinu er í 6. kafla, *mat á áhrifum*, tekið fram að ekki sé gert ráð fyrir að stjórnvaldssektarákvæðinu verði beitt í miklum mæli. Landhelgisgæslan bendir á að í framkvæmd hefur stofnuninni, sem rekstraraðila vaktstöðvar siglinga, skort valdheimildir til þess að tryggja framfylgni laga nr.

41/2003 um vaktstöð siglinga og reglugerða sem sækja stoð í þau, og því er fyrirhuguð stjórnvaldssektarheimild afar jákvæð breytingatillaga sem gera má ráð fyrir að verði beitt. Á það sérstaklega við varðandi komutilkynningar skipa, en mörg dæmi eru um að komutilkynningar berist ekki, of seint eða á röngum tíma.. Vaktstöð siglinga ber að hafa eftirlit með og **gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir** til að tryggja að skipstjórar, rekstraraðilar eða umboðsaðilar skipa, sem og farmsendendur eða eigendur hættulegra eða mengandi vara sem fluttar eru um borð í slíkum skipum, uppfylli kröfur laganna og reglugerðarinnar. Hvað felst í „*nauðsynlegum og viðeigandi*“ ráðstöfunum er þó ekki skýrt og ljóst að í dag skortir vaktstöð siglinga skýrar valdheimildir til þess að tryggja framfylgni við lögina og reglugerðir settar á grundvelli þeirra.

Með frumvarpi þessu gefst tækifæri til að bregðast við fram komnum athugasemdum og einfalda jafnframt stjórnsýslu og straumlínulaga ákvarðanatöku ríkisins í málaflöknum.

Landhelgisgæslan fagnar því að í 2. gr. frumvarpsins sé lagt til að bætt sé við 7. gr. laganna að skipum 300 brúttótonn að stærð og stærri, verði skylt að tilkynna komu sína til vaktstöðvar siglinga með tilteknum fyrirvara m ákveðinn sé í reglugerð. Landhelgisgæslan hefur bent á að farþegaskip sem sigla á milli hafna hér á landi fari ekki ávallt beina leið að næstu höfn, þau sigli um firði í útsýnisferðum og hafi jafnvel viðkomu og hleypi farþegum í land án þess að leggja að höfn. Slíkar siglingar og viðkomur séu ekki tilkynningarskyldar og vaktstöðin viti fyrir vikið ekki ávallt um áætlanir þessara skipa sem geti valdið hættu. Afar mikilvægt er að slíkar tilskipanir berist Landhelgisgæslunni. Stofnunin vill einnig benda á að það geti verið þörf á því að fá upplýsingar um það þegar farþegar eru settir í land utan hafna. Um getur verið að ræða nokkurn fjölda fólks og ávallt getur verið einhver hættu búin þegar verið er að ferja tugi eða hundruð manna í land utan hafna. Af þeim sökum leggur Landhelgisgæslan til að bætt verði málslið við 2. gr. frumvarpsins þar sem kveðið sé á um að í reglugerð verði heimilt að mæla fyrir um aðrar tilkynningar, svo sem þegar farþegar eru settir í land milli hafna.

**Með vísan til framangreinds og fyrri umsagna er áréttuð tillaga að eftirfarandi breytingum:**

**I. 2. ml. 1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:**

„Til að ná þessu markmiði skal Landhelgisgæsla Íslands reka vaktstöð siglinga sem veitir skipum sem sigla um íslenskt innsævi, landhelgi og efnahagslögsögu m.a. eftirfarandi þjónustu:“

Jafnframt taki lögina breytingum til samræmis við þetta þar sem Vegagerð sé breytt í Landhelgisgæslu Íslands þar sem það á við eða fellt brott.

**II. 2. gr. frumvarpsins, er kveður á um að ný málsgrein bætist við 7. gr. laganna, orðist svo:**

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Farþegaskip, 300 brúttótonn að stærð eða stærri, sem sigla milli íslenskra hafna, skulu tilkynna vaktstöð siglinga um áætlaða leið að næstu höfn með tilteknum fyrirvara sem ákveðinn er í reglugerð. Í reglugerð er jafnframt heimilt að kveða á um aðrar tilkynningar, t.d. þegar farþegar eru settir í land milli hafna.

**III. 4. gr. frumvarpsdraganna, er kveður á um nýja grein, 18. gr. a. laganna, ásamt fyrirsögn, orðist svo:**

*Stjórnvaldssektir.*

~~Vegagerðin~~ Landhelgisgæsla Íslands getur lagt stjórnvaldssektir á einstakling eða lögaðila sem brýtur gegn eða uppfyllir ekki skilyrði eftirfarandi ákvæða og reglna sem settar eru samkvæmt þeim:

- a. 1. mgr. 7. gr. um tilkynningu um komu áður en haldið er til hafnar.
- b. 2. mgr. 7. gr. um tilkynningu um áætlaða leið að næstu höfn.

c. 8. gr. um tilkynningu um komu með hættulegan eða mengandi varning.

d. 1. mgr. 13. gr. um leiðsögu skipa og leiðarstjórnun.

e. 2. mgr. 16. gr. c um afhendingu upplýsinga um flutninga á sjó um komu og brottfarar skipa.

~~Landhelgisgæsla Íslands er heimilt að leggja á stjórnvaldssektir skv. 1. mgr. hafi henni verið falin tiltekin verkefni í samræmi við 3. mgr. 2. gr.~~

Stjórnvaldssektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 25 - 200 þús. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 25 – 500 þús. kr.

Við ákvörðun um fjárhæð sekta skal meðal annars taka tillit til þess hve lengi brot hefur staðið yfir, samstarfsvilja hins brotlega, hvort brot var framið af ásetningi eða gáleysi og hvort um ítrekað brot er að ræða. Vegagerðinni, og eftir atvikum Landhelgisgæslu Íslands, er heimilt að ákveða hærri sektir hafi aðili hagnast á broti. Skal upphæð stjórnvaldssektar þá ákveðin sem allt að tvöfalt margfeldi af þeim hagnaði sem aðili hefur aflað sér með broti gegn lögum þessum, þó innan ramma 3. mgr.

Gjalddagi stjórnvaldssektar er 30 dögum eftir að ákvörðun um sektina var tekin. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Ákvörðun um stjórnvaldssekt er aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar. Stjórnvaldssektir renna í ríkissjóð, að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu.

Stjórnvaldssektum skal beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Aðili máls getur skotið ákvörðun um stjórnvaldssekt til ráðherra sem fer með samgöngumál innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Málskot til ráðherra frestar aðför. Úrskurðir ráðherra um stjórnvaldssektir eru aðfararhæfir.

Landhelgisgæsla Íslands telur það til þess fallið að einfalda rekstur vaktstöðvar siglinga, málsmeðferð og skýra lagaumhverfið, að Landhelgisgæslu Íslands sé formlega falin ábyrgð á vaktstöð siglinga skv. lögum og þeim valdheimildum sem vaktstöð siglinga eru ætlaðar, beint og milliliðalaust. Því telur stofnunin mikilvægt að framangreindar breytingar verði gerðar á frumvarpinu áður en það er samþykkt.

Sé þess óskað eru fulltrúar stofnunarinnar reiðubúnir að koma á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,



Guðrún Margrét Kristjánsdóttir  
Yfirlögfræðingur